



Selfossi, 23.4.2025

Fundargerð stjórnar

27. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn miðvikudaginn 23. apríl 2025, kl. 8:15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og á teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður) (á teams), Sveinn Ægir Birgisson, Sandra Sigurðardóttir (á teams), Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Lántaka vegna nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum og tankbifreiðar í Þorlákshöfn**

Pétur ræddi fyrirhugaða lántöku vegna byggingar Björgunarmiðstöðvar á Flúðum og tankbifreið í Þorlákshöfn sem samþykkt var í fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2025. Stjórn samþykkir að fullnýta heimild til lántöku að upphæð kr. 180.000.000.- og veitir Péttri Péturssyni, slökkviliðsstjóra, kt 210873-5979, fulla heimild til að vinna að lánasamningi við Lánasjóð sveitarfélaga auk þess að vísa málinu áfram til vorfundar Brunavarna Árnæssýslu bs.

2. **Viðauki við fjárhagsáætlun BÁ vegna launahækkana í kjölfar kjarasamninga**

Pétur kynnti drög að uppfærðri fjárhagsáætlun 2025 í kjölfar nýs kjarasamnings LSOS og SNS sem undirritaður var í lok mars. Hækkun á launalið áætlunarinnar eru kr 51.656.000.- Stjórn samþykkir áætlunina með viðauka og vísar henni til samþykktar á vorfundi Brunavarna Árnæssýslu bs.

3. **Afturvirkar launagreiðslur vegna kjarasamninga**

Pétur kynnti afturvirkar launagreiðslur vegna nýrra kjarasamninga LSOS og SNS en þeir voru afturvirkir til 1.4.2024 og þurfti því að leiðrétta 12 mánuði aftur í tímann. Leiðréttingin var greidd út 14.apríl s.l. og var kostnaður við hana rétt tæpar 15 milljónir.

4. **Notkun rekstrarafgang BÁ frá árinu 2024**

Pétur ræddi rekstrarafgang BÁ frá árinu 2024 sem skýrist að stærstum hluta að aukningu á sértekjum sem ekki var áætlað fyrir. Pétur óskar eftir að fá heimild til að nýta þann rekstrarafgang til að halda áfram með byggingaframkvæmdir á tækjageymslu á Laugarvatni auk þess sem hluti fjármagnsins hefur þegar verið nýtt í afturvirku launaleiðréttinguna. Stjórn samþykkir að nýta rekstrarafganginn til áframhaldandi uppbyggingar á Laugarvatni.

5. **Slökkvistöðvarmál á Borg í Grímsnesi**

Pétur fór yfir glærur sem nefnd um verkefnið hefur unnið. Í þeirri nefnd eru Smári Kolbeinsson, Árni Eiríksson, Pétur Pétursson og Lárus Kristinn Guðmundsson. Stjórn lýst vel á hugmyndir um uppbyggingu slökkvistöðvar á Borg að frumkvæði Grímsness og Grafningshrepps og samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu á vorfundi Brunavarna Árnæssýslu bs.

6. **Önnur mál.**

Helgi fór yfir dagskrá vorfundar Brunavarna Árnæssýslu bs sem haldinn verður í Hveragerði 28.apríl nk.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9:22

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Sveinn Ægir Birgisson

Sandra Sigurðardóttir

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir